

## Stjórn Sorpu bs.

Ár 2015, fimmtudaginn 24. september, var haldinn 354. fundur stjórnar Sorpu bs. á skrifstofu byggðasamlagsins og hófst hann kl.07:30. Mættir: Bjarni Torfi Álfþórsson, Guðmundur Geirdal, Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Halldór Auðar Svansson, Jóna Sæmundsdóttir og Rósa Guðbjartsdóttir. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur og Sigríður B. Einarsdóttir skrifstofustjóri. Hafsteinn Pálsson boðaði forföll.

### Tekið fyrir:

- Opnun tilboða í grenndargáma og þjónusta við þá Framkvæmdastjóri kynnir niðurstöðu ráðgjafa á samanburði tilboða í grenndargámakerfið en tilboð voru opnuð 8. september 2015 Tilboð bárust frá Gámaþjónustunni hf, Íslenska gámafélaginu ehf og Kubb ehf, sjá töflu.

Tafla 1. Samanburðartafla – Aðaltilboð

	Kubbur ehf.	Gámaþjónustan hf.	Íslenska Gámafélagið ehf.	Kostnaðaráætlun
Tilboðsupphæð, án vsk [kr]	317.090.396	263.342.176	499.730.420	237.050.000
Virðisaukaskattur, 24% [kr]	76.101.695	63.202.122	119.935.301	56.890.000
Tilboðsupphæð [kr]	393.192.091	326.544.298	619.665.721	293.940.000
Hlutfall af áætlun	134%	111%	211%	100%

Stjórn felur framkvæmdastjóra að semja við lægstbjóðanda sem er Gámaþjónustan hf. á grundvelli aðaltilboðs þeirra um verkið.

- Drög að rekstraráætlun 2016 - 2020  
Framkvæmdastjóri kynnir forsendur rekstraráætlunar fyrir 2016 – 2020 og leggur fram drög að rekstraráætlun fyrir þessi ár. Einnig lagt fram minnisblað vegna blandaðs úrgangs á endurvinnslustöðvum. Stjórn samþykkir drög að rekstraráætlun með breytingum samanber afgreiðslu 1. liðs. Stjórn samþykkir tillögu framkvæmdastjóra sem fram kom í minnisblaði um breyttar móttökureglur á blönduðum úrgangi á endurvinnslustöðvum.
- Næsti fundur  
Næsti fundur í stjórn verður haldinn 16. október klukkan 7.30.

Fleira ekki tekið fyrir.

### Fundi slitið klukkan 9:00

Fundarritari Sigríður B. Einarsdóttir

Guðmundur Geirdal  
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir  
Jóna Sæmundsdóttir  
Rósa Guðbjartsdóttir  
Sigríður Björg Einarsdóttir

Bjarni Torfi Álfþórsson  
Halldór Auðar Svansson  
Björn H. Halldórsson  
Bjarni Hjarðar